

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

PISTILL RITSTJÓRA



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Breytir lífi og störfum fólks gæti verið undirtitill Gáttar 2014. Hér gefur að líta elleftu útgáfu Gáttar, ársrits um framhaldsfræðslu, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gefur út. Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera vettvangur eigenda miðstöðvarinnar fyrir viðtækt samstarf um símenntun á íslenskum vinnumarkaði. Samstarfið nær til þróunar nýrra aðferða til að efla þekkingu og færni fólks á vinnumarkaði sem og framkvæmdar samstarfsverkefna.

Meginefni ritsins að þessu sinni eru kannanir, greiningar og mat, staða og framtíð framhaldsfræðslu. Niðurstöður könnunar sem Capacent gerði á framhaldsfræðslukerfinu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið eru mikið fagnadarefni. Við erum stolt yfir að kerfið sem við höfum átt þátt í að skapa hefur skilað árangri og fjármunir hafa verið nýttir á skilvirkan hátt. En reynsla og afstaða notendanna er ekki síður mikilvæg og í niðurstöðunum kemur ánægja notenda með framhaldsfræðslukerfið skýrt fram. Á forsiðu Gáttar má lesa setningar sem hafðar eru eftir notendum, teknar úr skýrslu Capacent. Þar á meðal eru setningar eins og *Ég fékk nýtt líf! Samtalið við náms- og starfsráðgjafann breytti öllu! Námið hefur gefið mér áræði og sjálfstraust. Aldrei of seint að byrja!* Við sem störfum við framhaldsfræðslu að hljótum gleðjast yfir staðhæfingum eins og þessum. Þær staðfesta að starf okkar skiptir máli og hefur afgerandi áhrif á líf og störf fjölda fólks um allt land.

Í ritinu eru enn fremur greinar um greiningar á þörf fyrir starfsmenntun og þjálfun, greinar um gæðanám, grunnleikni og eflingu hennar, um fjölbreytileg samstarfsverkefni milli framhaldsfræðsluaðila, skóla og fyrirtækja. Í ritinu eru einnig fastir liðir, til dæmis þátturinn *Hvað áttu við?* – þar sem settar eru fram tillögur um skilgreiningar og þýðingar á iðorðum sem varða nám fullorðinna og starfsmenntun. Þá er greint frá starfsemi FA og verkefnum sem unnið var að á síðastliðnu ári. Öll miða þau að því að auka færni fólks á vinnumarkaði og efla framhaldsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi.

Gátt hefur unnið sér sess sem vettvangur fyrir umræðu um fræði, viðhorf og verkefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Leiðarljós okkar er að efla umræðu um framhaldsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Í ritinu miðlum við reynslu og kynnum hvaðeina sem varðar nám og fræðslu fullorðinna og ber hæst í umræðunni hverju sinni. Markmið ritstjórnar Gáttar er að í ritinu birtist úrval greina. Ritið er ætlað breiðum hópi í samfélaginu, þeim sem stjórna og vinna að fræðslu fullorðinna. Ritstjórnin telur sig afar lánsama að hafa fengið til liðs við sig fjölbreytilegan hóp fólks við skriftirnar. Í hópi greinahöfunda í þetta sinn eru sérfræðingar úr ýmsum áttum, fræðimenn, fræðsluaðilar, leiðbeinendur, náms- og starfsráðgjafar, auk starfsmanna FA.

Ritstjórnin vonar að ritið verði kærkomin lesning þeim sem koma að námi fullorðinna og hvetur lesendur til að láta skoðanir sínar í ljós, koma með ábendingar og hugmyndir og taka þannig virkan þátt í því að efla nám og fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Njótið lestursins!